

**Fundargerð háskólaráðs**  
**375. fundur (aukafundur) mánudaginn 3. október 2016**  
**Fundarherbergi 262, Borgum**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 11.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda  
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs (í síma)  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Mætti ekki:

Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðherra  
Elvar Jónsson, varafulltrúi menntamálaráðherra boðaði forföll

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs

Gestir:

Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Kvörtunarmál starfsmanna á heilbrigðisvísindasviði vegna úthlutunar aukarannsóknamissera á sviðinu fyrir árið 2017**

*1606008*

Farið var yfir málið og það sem rætt var á síðasta fundi.

Háskólaráð ræddi mögulegar leiðir til að leita sátta.

Inn á fundinn (í gegnum skype) kom Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs. Eydís gerði grein fyrir og rökstuddi umsögn og ákvörðun sviðsforseta vegna umsókna um umrædd aukarannsóknamisseri á heilbrigðisvísindasviði. Hún fór yfir málið; allar umsóknir uppfylltu að hennar mati þau skilyrði sem gerð voru vegna aukarannsóknamisserana en engin þeirra uppfyllir skilyrði um hefðbundin rannsóknamisseri. Stjórnendateymi heilbrigðisvísindasviðs stóð saman að ákvörðun um umsögn forseta til rektors um úthlutun þessara aukarannsóknamissera og var sammála um niðurstöðuna. Þegar óánægja þessara starfsmanna varð ljós ákvað forseti að funda með þeim, ásamt deildarformanni hjúkrunardeildar, til að fara yfir

málið og hvað sviðið gæti hugsanlega gert til að koma til móts við viðkomandi starfsmenn.

Eydís sagði að hjúkrunarfræðideild væri mun betur sett þegar kemur að hlutfalli doktorsmenntaðra akademískra starfsmanna á meðan enginn doktorsmenntaður akademískur starfsmaður er í iðjuþjálfunarfræðideild. Það var því nauðsynlegt að styrkja starfsmenn iðjuþjálfunarfræðideildar til doktorsnáms í þetta sinn, þar sem þar væru miklir hagsmunir í húfi ef deildin á að ná að uppfylla gæðaviðmið fyrir háskóla á næstu árum. Ljóst er að miðað við þá starfsmenn sem nú eru í doktorsnámi við hjúkrunarfræðideild að árið 2018 verði hlutfall doktorsmenntaðra akademískra starfsmanna væntanlega komið yfir 90%. Það var því nauðsynlegt að hennar mati og stjórnendateymisins á sviðinu að forgangsraða í þágu iðjuþjálfunarfræðideildar við þessa úthlutun á aukarannsóknamissurum til doktorsnema.

Í máli Eydísar kom fram að það væri hefð fyrir því í hjúkrunarfræðideild að styrkja og aðstoða þá starfsmenn sem væru í doktorsnámi. Þegar hefði verið ýmislegt gert til að aðstoða og koma til móts við þessa starfsmenn og það yrði gert áfram og markvisst. Þar er um að ræða aðgerðir sem snúa að hagræðingu í kennslu, tilfærslu og tilslakanir á kennsluskyldu, stjórnunarskyldum létt af viðkomandi starfsmönnum og fleira slíkt, eftir því sem aðstæður á sviðinu leyfa í hvert sinn.

Eydísi var falið að ljúka málinu í samstarfi við rektor.

Rektor lagði fram drög að tilkynningu til starfsfólks vegna þessarar úthlutunar á aukarannsóknamissurum en þar eru starfsmenn m.a. upplýstir um að slík aukarannsóknamissur verði aftur til úthlutunar fyrir árið 2018.

Háskólaráði þykir leitt að svo virðist sem stjórnarsýsla í tengslum við úthlutun á þessum aukarannsóknamissurum hafi ekki verið nægjanlega vönduð. Úthlutunin var á grundvelli 4. gr. reglna um rannsóknamissur kennara við Háskólann á Akureyri og sem slík stendur hún. Háskólaráð styður einnig forgangsriðun rektors og forseta heilbrigðisvísindasviðs og tekur undir að nauðsynlegt hafi verið í þessu ferli að styrkja starfsmenn í iðjuþjálfunarfræðideild til að stuðla að því að á næstu árum verði þar doktorsmenntaðir akademískir starfsmenn. Ekki er ásættanlegt að starfrækja háskóladeild þar sem engir starfsmenn með doktorsmenntun sinni kennslu og rannsóknnum.

Háskólaráð gerir því ekki athugasemd við úthlutun rektors á aukarannsóknamissurum fyrir árið 2017. Háskólaráð beinir því hins vegar til rektors að bæta úr þeim stjórnarsýslulegu annmörkum sem komu í ljós í þessu ferli. Einnig er því beint til rektors að skoða sérstaklega stöðu aðjúnkta í þessu ferli og að gæta þess að aðjúnktar í doktorsnámi eigi kost á að sækja um í næsta úthlutunarferli. Umfjöllun háskólaráðs um kvartanir þessara starfsmanna telst því lokið. Jafnframt var því beint til rektors að skoða hvort nauðsynlegt væri að fá lögfræðilegt álit á vinnureglunum og gildi þeirra í þessu ferli eða jafnvel á úthlutunarkerlinu sjálfu.

Hermína sagði frá því að hún væri á leið í rannsóknaleyfi og verður því líklega ekki meira með háskólaráði í vetur – varafulltrúi verður því kallaður inn það sem eftir er vetrar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30.